

Reglur Dalvíkurbyggðar varðandi nemendur sem óska eftir að stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum

Samkvæmt ákvörðun Sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar geta framhaldsskólanemendur sem stunda nám utan sveitarfélags sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar vegna tónlistarnáms. Dalvíkurbyggð ber ekki lagaleg skylda til að greiða þennan kostnað.

Um niðurgreiðslu námskostnaðar gilda eftirfarandi reglur:

1. Framhaldsskólanemendur með lögheimili í Dalvíkurbyggð sem leggja stund á tónlistarnám í öðru sveitarfélagi geta sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar. Skilyrði er að viðkomandi sé í fullu námi í tónlistarskóla sem sveitarfélagið viðurkennir, hafi áður stundað nám við Tónlistarskóla á Tröllaskaga og að viðkomandi standi ekki til boða lengur nám við hæfi í heimabyggð.
2. Sækja þarf um niðurgreiðslu skriflega til Sviðstjóra fræðslu og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar fyrir 1. ágúst ár hvert og vegna náms á hausönn og 1. desember fyrir nám á vorönn.
3. Áður en umsókn er afgreidd þarf að skila inn námsvottorði annarinnar frá Tónlistarskólanum á Tröllaskaga, þar sem fram koma upplýsingar um ástundun og námsárangur síðast skólaárs, ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Þessar upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknar.
4. Sveitastjórn tekur ákvörðun um heildarupphæð niðurgreiðslna við gerð fjárhagsáætlunar. Hámarks niðurgreiðsla fyrir hvern nemanda skal ákvarðast í Sveitastjórn fyrir hvert skólaár. Dalvíkurbyggð áskilur sér rétt til að meta umsókn með hliðsjón af því hvort að sambærilegt nám er í boði í Dalvíkurbyggð.
5. Ef að sveitastjórn samþykkir niðurgreiðslu til tónlistarnáms í öðrum sveitafélögum, þá óskar Sveitastjórn eftir upplýsingu um ástundun og námsárangur frá viðkomandi tónlistarskóla við lok hverjar annar og áskilur sér rétt til að rifta gerðum samningum.
6. Dalvíkurbyggð niðurgreiðir ekki tónlistarnám á háskólastigi.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. september 2017

Samþykkt í byggðaráði 31. ágúst 2017

Samþykkt í skólanefnd Tónlistarskólans á Tröllaskaga 28. ágúst 2017